



Geldingadalir

Gönguleiðir og örnefni



Einstakt eldgos

Að kvöldi 19. mars 2021 hófst eldgos austan Fagradalsfjalls í Geldingadölum, en fram að því hafði ekki gosið á Reykjaneskaga í tæp 800 ár. Í fyrstu barst kvika eftir allt að 17 km djúpri gosrás upp á yfirborðið í gegnum tvo nálæga giga. Ný gosop opnuðust síðan norðan þeirra en þau lokuðust aftur þegar rúmur mánuður var liðinn af gosinu. Eftir það barst kvika aðallega úr einum og sama gígnum, og var hraunstreymið lengst af í kringum 5–13 m³/s. Um miðjan ágúst 2021 tók síðan að draga úr gosinu og frá 18. september það ár hefur ekki mælst hraunstreymi frá gígnum. Hafði hann þá náð 40 metra hæð yfir hraunfyrirborðið og hraunið næst gígnum orðið allt að 70 metra þykkt. Hraunbreiðan þekur nú tæplega 5 ferkílómetra, þ.á.m. alla Geldingadali en hrauntungur teygðu sig einnig ofan í Meradali og niður í Nátthaga.

Eldgosið í Geldingadölum telst ekki til stærri eldgosa en var engu að síður afar tilkomumikið, enda auðvelt að fylgjast með því í návgi. Þótt gosinu sé nú líklega lokið þá er mjög áhugavert að ganga um eldstöðvarnar og umhverfi þeirra en þó mikilvægt að gæta fyllsta öryggis. Því er óhætt að að mæla með göngu að þessu stórkostlega náttúrufrýrbæri.

Gönguleiðir að gosstöðvunum

Nokkrar leiðir eru í boði en þær stystu og fljótformustu liggja að sunnanverðu frá Suðurstrandavegi. Aðrar og lengri leiðir að gosinu eru þó ekki síður áhugaverðir valkostir, en þá er brýnt að hlífa viðkvæmum gróðri með því að fylgja gömlum reiðleiðum og kindagötum.

• Kortíð má einnig nálgast á heimasíðu Ferðafélags Íslands www.fi.is, en með því að skanna kóðann hér að neðan er hægt að hlaða því inn í farsíma.



Nátthagakrikaleið

Á upphafsvikum gossins voru stíkaðar tvær gönguleiðir að gosstöðvunum frá Suðurstrandavegi og lágu báðar í gegnum Nátthagakrika og þaðan upp á Fagradalsfjall. Eystri leiðin (leið A) lá fyrst að ónefndum útsýnishrygg en leiðinni varð að loka þegar hraun flæddu yfir hana og ofan í Nátthaga. Hún var því sveigð til vesturs en þar mætir hún Vestari gönguleið (leið B) sem hélt opin allt gosið. Báðar þessar gönguleiðir eru um 4 km að lengd og tekur rúma klst. að ganga eftir þeim upp á Fagradalsfjall og að gosstöðvunum. Ekinn er Suðurstrandavegur frá Grindavík að bilastæðum sunnan Nátthagakrika. Gangan meðfram Borgarfjalli er þægileg en síðan taka við móbergsskriður upp á Fagradalsfjall sem geta verið lausar í sér. Efst sést vel yfir Geldingadali og gosstöðvarnar.

• Veðurspá og útbúnaður

Áður en haldið er að gosstöðvunum er mikilvægt að kynna sér veðurspá, t.d. á www.vedur.is. Þar fást upplýsingar um vindátt og hvort hætt sé á gasmengun frá hrauninu, en hún getur verið til staðar þótt gosinu virðist að mestu lokið. Því getur verið lífshættulegt að ganga á hrauninu og upp á gígbarmana. Geldingadalir eru afskekktir og þar geta veður breyst skyndilega. Því er mikilvægt að vera vel búinn fyrir göngu á gosstöðvarnar en útbúnaðarlista má nálgast á heimasíðu Ferðafélags Íslands: www.fi.is/is/frodleikur/bunadarlistar

Meradalsleið

Þessi gönguleið liggur austur en sú í gegnum Nátthagakrika og hentar vel fyrir fjallahjól. Suðurstrandavegur er ekinn úr austri í átt að Ísólfskáli og bílum lagt þar. Fylgt er 10 km löngum jeppaslóða norður Meradali að Stóra-Hrúti (351 m) en af honum er frábært útsýni yfir gosstöðvarnar og sunnanvert Reykjanes. Á leiðinni heim má þræða Langa-hrygg að suðurströndinni milli Merardala og Nátthaga og virða fyrir sér hraunbreiðuna þar. Styttri stíkuð gönguleið liggur beint frá bilastæðum við Ísólfskáli upp á Langa-hrygg (leið C), og má ganga sömu leið til baka, eða halda áfram göngunni að Stóra-Hrúti.

Dalhraunleið

Bílum er lagt við Arnarsetur norðan við Bláa lónið og gengið framhjá Stóra-Skógfelli, tæplega 7 km leið að vestanverðu Fagradalsfjalli. Syðri en lengri leið að Fagradalsfjalli liggur frá bilastæði við Svartsengi framhjá Sýlingafjalli og þaðan yfir Dalahraun.

Krýsuvíkuleið

Fjölbreytt en krefjandi 12 km löng gönguleið sem biður upp á móbergshryggi, afskekktu dali og háhitavæði. Bílum er lagt skammt frá háhitavæðinu í Krýsuvík við Seltún. Fylgt er Keilistíg upp á Sveifluháls en þar býðst frábært útsýni yfir Kleifarvatn og Reykjanes. Stefnan er tekin á Vigðisarvelli og er gengið framhjá snotrum háhitavæðum áður en haldið er áfram yfir móbergshryggi og Leggjarbrjótshraun að Meradölum og Stóra-Hrúti. Þessi leið er krefjandi og er aðeins fyrir vant göngufólk.

Keilisleið

Nokkuð löng 10 km gönguleið sem liggur að norðanverðum gosstöðvunum. Ekinn er jeppaslóði að bilastæði við fjallið Keili þar sem gangan hefst. Sprækt göngufólk getur byrjað gönguna á því að toppa Keili (378 m) og njóta útsýnisins þar. Slóðar og kindagötur eru síðan þræddar að norðanverðu Fagradalsfjalli. Þótt hraun á leiðinni geti verið erfið yfirferðar hentar þessi gönguleið ágætlega fyrir fjallahjól og á veturna fyrir ferðaskíði.

Höfundur:

Tómas Guðbjartsson

Hönnun:

Snæbjörn Guðmundsson
Claudia Schenk
Arnar Helgi Garðarsson

Kortagrunnur:

Lofmælingar Íslands
ISOR
Náttúrufræðistofnun Íslands
Antíkva ehf.

Forsíðumynd:

Tómas Guðbjartsson

Útgefendur:

Ferðafélag Íslands
Loftmyndir ehf.

Prentun:

Prentmet Oddi
Önnu útgáfa, 1. desember 2021

Styrktaraðilar:

Ferðamálastofa
Landsbjörg



